

hafa verið í málinu, en hlutaðeiganda, matsvein Axel Andersen, geymist réttur til að sækja ákærða um þær í öðru máli.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, af almannafé, þar með málaflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og mál-færslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Óli Magnús Arngrímsson á að vera sýkn af ákæru rettvísinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóm-inum, yfiréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claes-sens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 3/1912:

Guðjón Knútsson
 gegn
 stjórnendum Slippfélagsins,
 Tryggva Gunnarssyni,
 Asgeiri Sigurðssyni og
 Jes Zimsen.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur áfrýj-

andinn Guðjón Knútsson skipstjóri í Reykjavík, gegn stefndu, stjórnendum Slippfélagsins í Reykjavík, Tryggva Gunnarssyni fyrverandi bankastjóra, Asgeiri Sigurðssyni kaupmanni og Jes Zimsen kaupmanni, öllum í Reykjavík, til þess að fá þá dæmda til fyrir félagsins hönd að greiða sér 2722 kr. 40 aur. skaðabætur. Var málið dæmt á bæjarþinginu 31. ágúst f. á. á þá leið, að stefndu voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. febr. þ. á., og gjörir hann þær réttarkröfur, að bæjarþingsdóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum hinar umstefndu skaðabætur kr. 2722,40 með 5⁰/₁₀ vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og til þess að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndu hafa hinsvegar krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Mál þetta er risið út af því, að árið 1905 var þilskip eitt, sem áfrýjandi átti í félagi við 4 menn aðra, tekið upp á slippinn til viðgerðar. Úr henni varð þó eigi, og var skipið selt við opinbert uppboð að ráðstöfun Slippfélagsins 9. okt. 1905, vegna þess, að eigendur skipsins voru ófánlegir til að taka það út af slippnum, þrátt fyrir áskoranir. Telur áfrýjandi að Slippfélagið hafi svikið sig um að láta gjöra við skipið og síðan látið selja það í heimildarleysi, og eigi því að greiða í skaðabætur alls kr. 8167,20, en sér sem eiganda $\frac{1}{8}$ þess þriðjunginn þar af, eða kr. 2722,40.

I undirrétti voru stefndu sýknaðir at þeirri ástæðu, að áfrýjandi hafði ekki sannað, að hann ætti $\frac{1}{8}$ skipsins.

og að eignarfélagsskapnum væri slitið milli sameigendanna, þannig að hver einstakur hafi heimild til að heimta sinn hluta út af fyrir sig, en hér fyrir réttinum hefir áfrýjandi lagt fram afsalsbréf til sín fyrir $\frac{1}{8}$ hluta skipsins svo og vottorð meðeigenda sinna um það, að sameign þeirra að skipinu eða andvirði þess hafi verið að fullu lokið, er hann byrjaði mál þetta, og hafi hann því fulla heimild til þess að ganga eftir sínum hluta af skaðabótunum fyrir skipssöluna. Með þessum skýrslum, er ekki hefir verið mótmælt, hefir áfrýjandi sannað heimild sína til málsóknar þessarar. Þá hafa stefndu haldið því fram, að sökin sé fyrnd, þar sem henni hafi eigi verið stefnt til dóms fyr en 15. febr. 1911, en þar sem hér er um að ræða skaðabótakröfu utan samningsmála, sem að eins fyrnist á 10 árum, verður ekki fallist á þessa sýkunarástæðu. Þá hafa stefndu byggt sýkunarkröfur sínar á því, að salan hafi verið með öllu heimil, er eigendur skipsins sintu því ekki að taka það út af slippnum, er ekki varð úr aðgerðinni. Skjöl málsins bera það með sér, að hinn 27. janúar 1905 hefir forstjóri slippins gefið eigendum skipsins loforð um, að skipið skyldi verða tekið á slippinn til aðgerðar, þegar búið væri að gjöra við önnur skip, er stóðu á honum. Samkvæmt þessu loforði var skipið tekið á slippinn hinn 10. marz s. á. Eftir að byrjað var að gjöra við skipið, kom það í ljós, að skipið þurfti meiri aðgerðar við en forstjóri slippins hafði búist við, og meiri en svo, að honum þætti ráðlegt að leggja út í. Ritaði hann því áfrýjanda hinn 21. júní 1905, skýrði honum frá ástandi skipsins og lýsti yfir því, að það, að hans dómi, mundi engan veginn svara kostnaði að gjöra við það; gæti hann eða Slippfélagið því ekki tekist á hendur

aðgerð á því. Skoraði hann jafnframt á áfryjanda að skýra stjórn Slippfélagsins frá því, hvað hann ætlaði að gjöra við skipið.

Halda stefndu því fram, að eftir þetta hafi eigendur skipsins fallist á, að gagngerð viðgerð á því mundi ekki svara kostnaði, en hafi hins vegar óskað eftir, að einhver ómyndar aðgerð á því færi fram, en slíka aðgerð hafi Slippfélagið ekki tekið í mál að taka að sér, heldur skorað að eigendurna að taka við skipinu. Þar sem þeir sintu því engu, skoraði Slippfélagsstjórnin bréfléga hinn 10. júlí 1905 á þá að taka skipið af slippnum, og þar sem þeir sintu því ekki, stefndu þeir eigendum þess fyrir sáttanefnd með kæru dags. 14. sept. næst á eftir, og reyndu til að fá þá til þess að taka skipið af slippnum, en sú sáttatilaun reyndist árangurslaus. Hinn 21. s. m. birtu stefndu eigendum skipsins, og þar á meðal áfryjanda, aðvörun um það, að ef þeir ekki væru búnir að taka skipið af slippnum fyrir hinn 5. okt. s. á., þá mundi Slippfélagið láta selja það við opinbert uppboð fyrir reikning þeirra. Með því að eigendurnir gjörðu enn engar ráðstafanir um skipið, var það, svo sem að framan er sagt, selt við opinbert uppboð hinn 9. okt. s. á. fyrir 850 kr. — Áfryjandi heldur því nú fram, að Slippfélagið hafi skilyrðislaust tekið að sér að gjöra við skipið, en í stað þess að inna viðgerðina af hendi, hafi félagið heimildarlaust látið selja skipið.

Svo sem fram hefir verið tekið, skýrði forstjóri slippins eigendum umrædds skips frá því hinn 21. júní, að Slippfélagið sæi sér ekki fært að gjöra við skipið, vegna þess, hve skemdirnar á því væru yfirgripsmiklar, og verður ekki séð, að eigendurnir hafi þar eftir krafist þess, að

viðgerðin færi fram, og enn síður er það gegn mótmælum stefndu sannað, að eigendurnir hafi lagt fram nægilegt fé fyrir viðgerðarkostnaðinum, eða boðið fram tryggingu fyrir því, að fé væri fyrir hendi til að greiða þann kostnað. En þar sem þetta er ekki sannað af hálfu áfrýjanda, verður að líta svo á, að Slippfélagið hafi ekki verið skylt að framkvæma hina yfirgripsmiklu viðgerð á skipinu; en af þessu leiðir þá ennfremur, að Slippfélagið hafði rétt til þess að krefjast þess af eigendum skipsins, að þeir tækju það af slippnum; og úr því að þeir sintu ekki þeirri kröfu, þótt löglega væru aðvaraðir, verður að álíta, að Slippfélagið hafi haft heimild til þess að láta selja skipið fyrir reikning eigendanna, og að það beri enga ábyrgð á því tjóni, er af þeirri ráðstöfun kann að hafa leitt fyrir áfrýjanda.

Með því samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda, verður hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur staðfestur. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Guðjón Knútsson, greiði stefndu, Tryggva Gunnarssyni, Asgeiri Sigurðssyni og Jes Zimsen fyrir hönd Slippfélagsins málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.